

# Prófaskrá; framhaldsskólar og háskólar

- Skráningaratriði fyrir viðfangsefni
- Efni
- Tími
- Áreiðanleiki og öryggismörk
- Samanburður
- Aðgangur að upplýsingum

## 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

### 0.1 Heiti

Prófaskrá; framhaldsskólar og háskólar

### 0.2 Efnisflokkur

Menntun

### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Deild: Laun, tekjur og menntun

Tengiliður: Ásta M. Urbancic

Sími: 528-1041

Tölvupóstfang: [asta.urbancic@hagstofa.is](mailto:asta.urbancic@hagstofa.is)

### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Hagstofa Íslands hefur frá árinu 1995 safnað saman upplýsingum um útskrifaða nemendur á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Söfnun þessara upplýsinga fer fram í júní og desember ár hvert, auk þess sem skólar sem útskrifa á öðrum tímum eru beðnir um skýrslur eftir útskrift. Tilgangur skýrslugerðarinnar er að gefa yfirlit yfir fjölda nemenda sem útskrifast á framhaldsskólastigi og háskólastigi, sýna þá þróun sem hefur átt sér stað, setja fram tölur sem hægt er að nota í samanburði við nemendatölur, til að finna brottfall og brautskráningarhlutfall og skoða í alþjóðlegu samhengi.

### 0.5 Notendur og notkunarvið

Upplýsingar um útskrifaða nemendur á framhalds- og háskólastigi eru grundvöllur upplýsingagjafar til alþjóðastofnana og útgáfu Hagstofunnar um

útskrifaða nemendur. Niðurstöðurnar eru nýttar af mennta- og menningarmálaráðuneyti, fræðasamfélaginu, stjórnendum og starfsmönnum skóla. Notkunin er hvoru tveggja til stefnumótunar og rannsóknarstarfa.

## **0.6 Heimildir**

Aðalheimildir Hagstofu eru skýrslur frá skólum og stofnunum sem útskrifa nemendur. Upplýsingar um sveinspróf koma frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Skrá um útskrifaða nemendur framhaldsskóla, sem tekin er beint úr miðlæga nemendakerfinu INNU, hefur verið notuð til hliðsjónar. Í þessari gagnasöfnun er spurt um kennitölu hvers nemanda, skóla, námsbraut, prófgráðu, kennsluform og útskriftardagsetningu.

## **0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð**

Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007, lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og lög um háskóla nr. 63/2006. Ákvæði í skólasamningum milli mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og skóla hins vegar. Ákvæði í lögum um skil á upplýsingum til hagskýrslugerðar.

## **0.8 Svarbyrði við innsöfnun**

Svarbyrði er fremur lítil þar sem skólar gera yfirleitt skrár yfir útskrifaða nemendur fyrir hverja útskrift eða taka þær út úr nemendakerfum til eigin nota. Flestir framhaldsskólar geta sent skrá úr miðlæga skráningarkerfinu INNU en þeir skólar sem ekki skrá nemendur sína í miðlægt nemendakerfi þurfa sjálfir að útbúa lista yfir útskrifaða nemendur og senda Hagstofu. Svarbyrði þeirra er mismikil eftir stærð skóla og meiri vinna er við skýrslugerð hjá stórum skólum en litlum.

## **0.9 Ákvæði vegna EES og ESB**

Gagnasöfnun um útskrifaða nemendur á framhalds- og háskólastigi er í samræmi við staðla evrópsku hagstofunnar Eurostat. Tölulegar upplýsingar eru sendar til Eurostat og annarra alþjóðastofnana.

# **1. Efni**

## **1.1 Efnislýsing**

Skýrslugerðin nær til eftirtalinnna atriða sem varða útskrifaða nemendur á framhalds- og háskólastigi:

*Nemendur:* Gögnum er safnað á kennitölu um nemendur í námi í hinu hefðbundna menntakerfi, eða í námi sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur viðurkennt. Upplýsinga um kyn, lögheimili

og ríkisfang er aflað með samtengingu við þjóðskrá í desember ár hvert. Iðnnemar sem ljúka sveinsprófi eru taldir með, sem og nemendur í Lögregluskóla ríkisins, í atvinnuflugmannsnámi í Flugskóla Íslands og í námi flugumferðarstjóra.

*Námsbraut:* Auðkenni námsbrauta, merkt í samræmi við opinbera námsskrá sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneyti, eða skólanámsskrá þegar ekki er um opinbera námsskrá að ræða.

*Prófgráða:* Próf sem nemandinn hefur lokið.

*Kennsluform:* Hvort nemandinn hafi útskrifast úr dagskóla, utanskóla, kvöldskóla/öldungadeild eða verið í fjarnámi.

*Útskriftardagsetning:* Dagsetning formlegrar útskriftar. Ef nemandi lýkur námi í desember en formleg útskrift fer ekki fram fyrr en vorið á eftir telst vordagsetningin vera útskriftardagsetning.

## 1.2 Tölfræðileg hugtök

*Skóli:* Litið er á skóla sem sjálfstæða einingu þar sem nám fer fram. Skóli þarf ekki að vera bundinn húsnæði eða stað. Skóli getur t.d. verið stofnun og/eða embætti sem tekur að sér menntun (t.d. Flugmálastjórn eða Lögreglustjóraembætti ríkisins). Oftast er skóli þó hefðbundin stofnun á einum stað með skólastjóra sem stjórnanda.

*Brautskráður nemandi:* Einstaklingur sem hefur lokið öllum námskröfum og verið brautskráður af skóla úr námi í hinu hefðbundna menntakerfi eða úr námi sem prófaskrá nær til.

*Brautskráning:* Brautskráðir nemendur eru taldir fyrir hverja útskrift úr námi. Tölur um brautskráningar eru að jafnaði hærri en tölur yfir brautskráða nemendur, þar sem sumir nemendur útskrifast af fleiri en einni námsbraut á ári. Þannig útskrifast t.d. margir iðnnemar bæði með burtfararpróf úr iðn og sveinspróf á sama árinu. Stúdentar ljúka sumir námi af styttri námsbraut jafnhliða stúdentsprófi, eða ljúka stúdentsprófi af fleiri en einni námsbraut, og teljast því með tvær brautskráningar.

*Útskriftarár:* Tölur um útskrifaða nemendur eru gefnar upp miðað við útskriftarár, sem nær yfir útskrifaða nemendur frá 1. nóvember til 31. október. Í tölum til alþjóðastofnana er þó miðað við almanaksárið skv. alþjóðlegum leiðbeiningum.

*Brottfall/brotthvarf:* Hlutfall nemenda sem skráðir hafa verið í nemendaskrá Hagstofu Íslands eitt ár og sem koma ekki fram í nemendaskrá ári síðar án þess að hafa verið brautskráðir samkvæmt prófaskrá eða látist á árinu.

*Brautskráningarhlutfall/árgangsbrotthvarf.* Taldir eru nýnemar á viðkomandi skólastigi, þ.e. þeir sem eru í fyrsta skipti skráðir í nám á þessu skólastigi í nemendaskrá Hagstofu Íslands frá upphafi hennar árið 1975. Þessum hópi nýnema er fylgt eftir í nokkur ár og talinn fjöldi þeirra sem hafa lokið prófi eftir a.m.k. tveggja ára nám á framhaldsskólastigi eða námsgráðu á háskólastigi á þessu tímabili, samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Hlutfall þeirra sem hafa lokið prófi kallast brautskráningarhlutfall. Þá eru skoðaðir þeir sem eru enn í námi, sem á við þá sem enn stunda nám í dagskóla, kvöldskóla og í fjarnámi á Íslandi en hafa ekki brautskráðst. Þegar þeir, sem eru enn í námi, hafa verið dregnir frá þeim sem hafa útskrifast fæst árgangsbrotthvarf.

*Brautskráðir stúdentar í hlutfalli af tölu tvítugra:* Hlutfall brautskráðra stúdenta af fjölda tvítugra, þ.e. af fjölda 19 ára hinn 31. desember/1. janúar á fyrri hluta útskriftarárs.

*Eintaldir útskriftarnemar:* Í erlendum ritum er oft fjallað um eintalda útskrifaða nemendur (á ensku “unduplicated count”) þar sem hver nemandi er aðeins talinn í fyrsta skipti sem hann útskrifast af viðkomandi skólastigi. Þannig er t.d. nemandi sem lýkur verslunarprófi og síðan stúdentsprófi tveimur árum seinna aðeins talinn með sem eintalinn útskrifaður nemandi af framhaldsskólastigi þegar hann lýkur verslunarprófi. Hlutfall eintalinna útskriftarnema gefur vísbendingu um hlutfall nemenda sem ljúka námi af viðkomandi skólastigi af samanburðarhópi, t.d. aldursárgangi.

*Útskriftarhlutfall:* Útskriftarhlutfall er reiknað þannig að í fjölda þeirra sem útskrifast í fyrsta skipti er deilt með fjölda í dæmigerðum aldursárgangi. Á Íslandi er miðað við fjölda tvítugra þegar útskriftarhlutfall á framhaldsskólastigi er reiknað og fjölda 23 ára þegar reiknað er útskriftarhlutfall fyrir fyrstu háskólagráðu.

*Próftegund:* Hagstofan hefur flokkað próf í próftegundir, sem er tilbúin flokkun Hagstofunnar. Próftegundir eru:

Grunnpróf almennt. Grunnpróf úr almennu bóknámi, t.d. af almennri braut framhaldsskóla.

Grunnpróf verkgreina. Grunnpróf úr starfsnámi, öðru en iðnnámi, t.d. handíðabraut.

Grunnpróf úr iðn. Grunnpróf úr iðngreinum, s.s. grunndeild bíliðna, grunndeild háriðna og fyrri hluta málmtækniþrautar.

Framhaldsskólalpróf. Skv. lögum um framhaldsskóla.

Hæfnispróf. Próf sem ekki veita réttindi til ákveðinna starfa. Sem dæmi má nefna hönnun, ferðamálabraut, listnámsbraut og hljóðfæraleik.

Réttindapróf. Próf sem veita réttindi til ákveðinna starfa. Til dæmis má nefna verslunarpróf, sjúkraliða, vélstjóra, hljóðfærakennara og flugumferðarstjóra.

Burtfararpróf úr iðn. Burtfararpróf frá skóla úr löggiltum iðngreinum.

Sveinspróf úr iðn. Sveinspróf í löggiltum iðngreinum.

Stúdentspróf verkgreina. Stúdentspróf að loknu list- eða starfsnámi.

Stúdentspróf almennt. Stúdentspróf að loknu bóknámi.

Iðnmeistarapróf. Próf til réttinda iðnmeistara.

Próf á háskólastigi án háskólagráðu. Stutt nám á háskólastigi, yfirleitt starfstengt.

Bachelor gráða háskólastigs. T.d. B.A., B.S, B.Ed., B.M.

Viðbótarnám eftir Bachelor gráðu. Sem dæmi má nefna nám til kennsluréttinda, diplómanám fyrir kennara að loknu kennaranámi, viðbótarnám í hjúkrun.

Meistaragráða. Framhaldsgráða í háskólanámi að lokinni Bachelor gráðu. T.d. M.A., M.S. M.Ed., M.B.A.

Doktorsgráða. Rannsóknargráða.

*ISCED97*: Frá október 2007 eru tölur um próf á vef Hagstofu Íslands birtar samkvæmt alþjóðlega flokkunarkerfinu *ISCED97* (International Classification of Education. Nám er flokkað annars vegar á stig og hins vegar á svið eftir innihaldi námsins samkvæmt *ISCED97*. Sjá nánar um flokkunarkerfið *ISCED97* á vef Hagstofunnar. Áður voru prófatölur flokkaðar á skólastig samkvæmt *ISCED76* en námsbrautaflokkun Hagstofunnar notuð til að flokka nám á námsbrautir.

Stig: Skólastigin eru 7 alls og birtast prófatölur um stig 3-6 á vef Hagstofu Íslands. Stig 3 er framhaldsskólastig og er það óbreytt frá fyrri flokkun (*ISCED76*). Stig 4 kallast viðbótarstig, og nær það yfir nám að loknu framhaldsskólastigi sem ekki telst á háskólastigi. Sem dæmi má nefna iðnmeistara, 4. stigs vélstjóra og skipstjóra, læknaritara og leiðsögumenn. Nám sem telst vera á stigi 4 samkvæmt *ISCED97* taldist á Íslandi vera á háskólastigi samkvæmt *ISCED76*. Stig 5 er háskólastig (fyrri hluti), sem lýkur oft með Bachelor-gráðu eða meistaragráðu. Stig 6 er doktorsstig (seinni hluti háskólastigs) sem lýkur með doktorsgráðu.

Svið (námsbrautir): Í stað námsbrautaflokkunar Hagstofunnar er nám flokkað á svið samkvæmt *ISCED97*. Svið náms skiptast í 9 almenn svið (flokkun niður á 1 staf), 25 afmörkuð svið (flokkun niður á 2 stafi) og um 90 einstök svið (flokkun niður á 3 stafi). Hagstofan hefur bætt 4. staf við alþjóðlegu sviðsflokkunina til að flokka nám niður á námsbrautir.

## **2. Tími**

### **2.1 Viðmiðunartími talnaefnis**

Viðmiðunartími prófaskrár er útskriftarárið, frá 1. nóvember til 31. október árið á eftir.

### **2.2 Vinnslutími**

Vinnslutími talna um brautskráða nemendur árið 2018 var um 15 mánuðir frá lokadegi útskriftarársins. Stefnt er að því að tölur verði birtar fyrr í framtíðinni.

### **2.3 Stundvísi birtingar**

Efni er sett á birtingaráætlun Hagstofunnar með að lágmarki 10 daga fyrirvara áður en efni er birt á vef stofnunarinnar. Hefur sú dagsetning alltaf staðist eftir að sú regla var tekin upp.

## 2.4 Tíðni birtinga

Niðurstöður gagnasöfnunarinnar eru birtar árlega á vef stofnunarinnar. Þá birtast tölur í erlendum ritum og á vefjum erlendra stofnana.

# 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

## 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Hagstofan leitar eftir gögnum frá öllum starfandi framhaldsskólum og háskólum landsins og frá öðrum skólum sem þekja prófaskrár nær til. Skil skýrslna um útskrifaða nemendur þessara skóla hafa verið 100%.

## 3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Markmiðið er að halda skekkjum í lágmarki og er það m.a. gert með samanburði við skýrslugerð fyrri ára, fyrirspurnum til einstakra skóla og samkeyrslu við aðrar skrár Hagstofu, s.s. nemendaskrá og þjóðskrá. Einnig hafa skrár úr miðlæga nemendaskrárkerfinu INNU og fréttir af brautskráningum í dagblöðum verið notaðar til samanburðar við skrár skóla. Skekkjuvalda í gögnum má oftast rekja til ónákvæmrar skráningar í frumgögnum hjá skólum. Helst er um að ræða að nemendur hafi verið of- eða vantaldir. Þegar nemendur eru oftaldir eru nemendur taldir útskrifaðir sem ekki hafa uppfyllt allar kröfur um námslok. Þessir nemendur koma gjarnan aftur fram seinna í skráum skóla þegar öllum kröfum hefur verið fullnægt. Ef það gerist er útskriftardagsetningu þeirra breytt í prófaskrá. Einnig kemur fyrir að nemendur eru taldir hafa lokið sama námi frá fleiri en einum skóla. Þá þarf að leita til skólanna og fá skýringu á því hvar og hvenær nemandinn hafi í raun útskrifast. Þegar nemendur eru vantaldir hefur skóli ekki skilað réttum upplýsingum til Hagstofu. Einnig útskrifa ekki allir framhaldsskólar af styttri námsbrautum, sem sumar eru hluti af lengra námi, s.s. almennri braut og úr grunndeildum iðna. Auðkenni skóla fyrir námsbrautir eru stundum ekki skráð í samræmi við aðalnámsskrá og þá getur komið fram villa í tengingu auðkennis við námsbraut samkvæmt aðalnámsskrá.

## 3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Í upplýsingaöflun um útskrifaða nemendur í framhaldsskólum og háskólum eru fengnar upplýsingar frá öllum framhaldsskólum og háskólum landsins sem falla undir þekju þessarar gagnasöfnunar. Þar sem unnið er með þýðistölur eru hvorki reiknuð út öryggismörk né gerðar skekkjumælingar.

## 4. Samanburður

### 4.1 Samanburðarhæfi milli tímabila

Gagnasöfnunin hefur staðið frá 1995 með sama sniði. Gögn eru því samanburðarhæf á milli ára en þó þarf að geta þess að þekja söfnunarinnar hefur verið aukin í samræmi við aukna þekju nemendaskrár.

Í október 2007 voru tölur í fyrsta skipti birtar innanlands í samræmi við alþjóðlegu flokkunina ISCED97 (International Standard Classification of Education). Tölur frá 1995 eru uppfærðar samkvæmt ISCED97 en áfram er hægt að nálgast nokkrar töflur samkvæmt eldri flokkun undir Framhaldsskólastig – eldra efni og Háskólastig – eldra efni.

### 4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

Tölur úr prófaskrá framhalds- og háskóla eru bornar saman við aðrar heimildir og hagtölur eftir því sem við á, svo sem nemendaskrá og þjóðskrá. Þá eru tölur bornar saman við upplýsingar um menntunarstöðu þjóðarinnar úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Einnig tölur frá öðrum löndum, m.a. í alþjóðlegum ritum. Tölurnar eru að mestu unnar í samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar. Á Íslandi eru birtar tölur fyrir útskriftarár en í skýrslum til alþjóðastofnana er miðað við almanaksár. Í vinnslu talna fyrir alþjóðastofnanir eru ekki taldar útskriftir úr námi sem er hluti af lengra námi, t.d. úr grunndeildum iðna, en þessar útskriftir eru taldar með í tölum sem birtar eru innanlands.

### 4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Ekki eru birtar bráðabirgðatölur. Þar sem breytingar geta orðið á gögnum eftir að tölur hafa verið birtar vegna breyttra upplýsinga um einstaka nemendur, t.d. vegna þess að nemendur voru sagðir útskrifaðir sem ekki höfðu uppfyllt allar kröfur um útskrift, eru eldri tölur uppfærðar um leið og tölur næsta árs á eftir eru birtar.

## 5. Aðgangur að upplýsingum

### 5.1 Miðlunarleiðir

1. Fréttir, birtar á vef Hagstofunnar.
2. Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur.
3. Landshagir, árbók Hagstofu Íslands (síðast árið 2015).
4. Hagtíðindi, ritröð.
5. Upplýsingar úr gagnasöfnun Hagstofu um útskrifaða nemendur í framhaldsskólum og háskólum er að finna í ritum alþjóðastofnana um menntamál, s.s. Key data on Education in Europe (útgefandi Eurydice),

Education at a Glance (árleg útgáfa OECD) og Global Education Digest (árleg útgáfa UNESCO).

## **5.2 Grunnöggn; varðveisla og notkunarmöguleikar**

Gögnin eru geymd á tölvutæku formi á Hagstofunni. Litið er á gögn um einstaka nemendur sem trúnaðarmál. Ekki er veittur aðgangur að gögnunum sjálfum en unnt er að fá unnar tölur að ósk fyrirspyrjenda þar sem niðurstöður eru á samandregnu formi og ekki hægt að þekkja einstaklinga. Vísindamenn geta sótt um aðgang að gögnunum í rannsóknarskyni að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

## **5.3 Skýrslur**

Ekki hafa verið gefnar út skýrslur um prófaskrá Hagstofu Íslands, umfram það sem talið er upp undir lið 5.1.

## **5.4 Aðrar upplýsingar**

Frekari upplýsingar má fá hjá ábyrgðarmanni gagna um prófaskrá framhaldsskóla og háskóla og öðrum starfsmönnum Launa, tekna og menntunar.